

Guðný Zoëga
Bryndís Zoëga

Fornleifaskráning vegna lagningar raflínu í Fellum, Fljótsdalshéraði



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2017/188

Forsíðumynd: Horft til norðausturs yfir heytóft [1875-3] í landi Kross. Bolavatn í baksýn.



Inngangur

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga tók að sér skráningu fornleifa vegna áætlaðrar plægingar rafstrengs frá Skipalæk að Hreiðarsstöðum í Fellum. Verkið var unnið fyrir RARIK. Línuleiðin var um 7,5km löng og lá í gegn um lönd fjögurra jarða, Skipalækjar, Ekkjufells, Kross, Setbergs og Hreiðarsstaða. Einnig voru skoðaðar heimtaugar að Hreiðarsstöðum, Krossi og Ekkjufelli. Vettvangsferð var farin 7. ágúst 2017. Stuðst var við gögn frá RARIK (dagsett 11.08.2017) sem sýndu legu væntanlegrar línuleiðar. Minjar innan 15m til hvorrar áttar frá línunni voru skráðar. Engar minjar fundust í línuleiðinni í landi Skipalækjar, Setbergs og Hreiðarsstaða en þrjár minjar voru skráðar í landi Kross og þrjár í heimatúni Ekkjufells.

Guðný Zoëga, fornleifafræðingur og Bryndís Zoëga landfræðingur sáu um vettvangsrannsókn og skýrslugerð.

Landeigendum eru þökkud góðfúsleg leyfi til rannsókna á svæðinu og sérstakar þakkir fá heimildamenn okkar, Antonía Baldursdóttir á Hreiðarsstöðum, Guttormur Sigfússon og Katla Einarsdóttur á Krossi og Baldur Grétarsson og Sigbjörn Brynjólfsson á Ekkjufelli.

Verknúmer útgefið af Minjastofnun Íslands: 1875

Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga.¹ Um tilgang Menningarminjalaga segir í 1. gr. laga 80/2012: „Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.“

Samkvæmt 3. gr. er greinarmunur gerður á forngrípum og fornleifum en fornleifar eru skilgreindar með þessum hætti: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

¹ Heimasíða Alþingis. <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>. Skoðuð þann 18.01.2017.

1. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
3. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
4. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
6. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
8. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
9. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Um rannsóknir á fornleifum segir í 6. gr.: „Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“

Enn fremur um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar

sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.“

Að lokum er rétt er að vekja sérstaka athygli á ákvæðum laganna um áður ókunnar minjar, en í annarri málsgrein 24. gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnisnúmers sem gefið er út af Minjastofnun Íslands og að lokum hlaupandi númer innan verkefnisins, þ.e. [nafn núverandi jarðar]-[verkefnisnúmer]-[hlaupandi númer] dæmi: **Kross - 1875 – 1**. Þar sem minjar eru á merkjum tveggja jarða eru nöfn beggja jarða tilgreind með skástriki á milli.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, útihús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat miðast að venju við hvaða framkvæmdir eru áætlaðar innan skipulagssvæðisins og hversu líklegt er að minjar kunni að verða fyrir skemmdum vegna legu eða nálægðar við framkvæmdasvæði. Við lagningu jarðlína ber að skrá 15m til hvorrar áttar frá línunni samkvæmt stöðlum Minjastofnunar.

Minjarnar eru mældar upp á vettvangi með GPS tæki (Trimble 7XH) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna eru mæld upp eða punktur tekinn eftir atvikum.

Yfirlitsmyndir af afstöðu minja og framkvæmdasvæða er að finna í skýrslunni og að auki tafla þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Staðsetning minja er gefin upp í Ísnetshnitum (ISN93).

Fornleifaskrá



Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu gamla bæjarstæðisins og legu væntanlegrar raflínu.

Kross

Kross er fyrst getið í máldaga Vallaneskirkju árið 1367 (Ísl. Fornbrf. IV, bls. 204) og var í eigu kirkna þangað til 1930 þegar jörðin komst í sjálfsábúð. Í jarðatali Johnsens 1847 (bls. 357) er hún talin 6 hundruð að dýrleika.

Kross 1875-1

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Nyrðri útmörk gamla bæjarhólsins lágu um 10-15m sv íbúðarhússins á Krossi.

Lýsing




Mynd 2. Horft til austurs yfir bæjarstæðið á Krossi. Gamli bærinn stóð á sama stað og bílastæði og steipt útihús nær á myndinni.

Heimtaugin að íbúðarhúsinu liggur í gegn um svæðið sem gamli bærinn stóð. Þarna eru nú steinsteypt útihús og malarlagt bílaplan og engin ummerki lengur um gamla bæinn. Skv. Guttormi Sigfússyni voru útmörk bæjarins rétt um 6m sunnan væntanlegrar línuleiðar. Einnig fannst eitthvert rusl þegar sléttað var plan við húsið nýlega – gætu hafa verið leifar ruslahaugs en einnig má vera að einungis hafi verið um að ræða leifar hússins sem rutt var um.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi (I bindi, bls. 398) er gamla bænum lýst svo: „Torfbær í bæjarhól, djúpt í jörð að norðan og vestan, bæjardyr með þili í sa. Um 3ja m hlað, vilpa, þá kálgarðurinn. Um aldamót baðstofukorn á þrepi, lág, 2 rúmlengdir, skarsúð. Eldavél sett niður í kompu undir palli framan við þrepið, moldargólf. Baðst. Var að bæjarbaki, löng göng til dyra. Brann '14. Þá byggð betri baðst [...] Aflagður gamli bær '50 og við jörðu jafnaður.“



Mynd 3. Yfirlitsmynd sem sýnir legu heytófta sunnan Bolavatns.

Kross 1875-2


Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Tvær heytóftir liggja í þurrlandum móa suðaustan Bolavatns. Báðar tóftirnar eru innan 15m frá væntanlegri línuleið.



Lýsing

Vestari tóftin er 13 suðaustur af áætlaðri línulögn. Tóftin sést sem lág ferköntuð upphækkun í landinu. Hún liggur næstum norður suður 5m löng og 3m breið. Veggir eru óverulegir, hástir um 40cm og breidd veggja rétt um 40cm. Engar dyr greinanlegar. Um er að ræða dæmigerða heytóft þar sem að heyjum hefur verið staflað upp og þau geymd.



Kross 1875-3

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Tvær heytóftir liggja í þurrlendum móa suðaustan Bolavatns. Báðar tóftirnar eru innan 15m frá línuleiðinni.

Lýsing

Austari tóftin er stærri og liggur 11m suðaustur af áætlaðri línulögn. Hún sést sem lág ferköntuð upphækkun í landinu. Hún liggur nálega norður suður 7m löng og 4m breið. Veggir eru óverulegir, hástir um 40cm og breidd veggja rétt um 40cm. Engar dyr greinanlegar. Um er að ræða dæmigerða heytóft þar sem að heyjum hefur verið staflað upp og þau geymd.

Ekkjufell

Ekkjufells er fyrst getið í Droplaugasonasögu. Þar var áður hálfkirkja og fundust mannabein við byggingu bæði eldri og yngri bæjarhúsa (SJM, bls. 383, Fornleifaskráning í Fellahreppi, bls. 76). Í jarðatali Johnsens frá 1847 (bls. 357) er jörðin sögð 20 hundruð að dýrleika. Hún hefur ávallt verið í einkaeigu.

Ekkjufell 1875-4

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild/dæld

Hættumat: Hætta vegna nálægðar við línuleið

Staðhættir

Heimildamaður benti á hringlaga dæld í túni, rétt um 15m vestan heimreiðar að Ekkjufelli sem hann taldi að gæti verið brunnurinn sem var á svokallaðri Brunnsléttu. Dældin er rétt um 5m austur af væntanlegri línuleið

Lýsing

Ef þetta er brunnurinn hefur hann verið fylltur af jarðvegi en þarna er greinileg dæld, rétt um 70cm í þvermál.

Aðrar upplýsingar

Sama dæld var skráð sem brunnurinn í við fornleifaskráningu 1997 og hefur númerið NM-140:010 (Fornleifaskráning í Fellahreppi, bls. 77).



Mynd 4. Yfirlitsmynd af afstöðu minja og heimtaugar á Ekkjufelli.

Ekkjufell 1875-5

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Í sléttuðu túni/golfvelli um 46m suðvestur af golfskálanum austan heimreiðar er sléttuð aflöng þúst. Tóftin er rétt um 8m vestan línuleiðar.

Lýsing

Þústin liggur norðaustur-suðvestur og er 17m löng og 7m breið. Engir veggir eru greinanlegir. Við norðvestur enda tóftarinnar var niðurgröftur sem mun nýlegur.

Ekkjufell 1875-6

Hlutverk: Hlaða/óþekkt

Tegund: Tóft/þúst

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Um 30m suðvestur af íbúðarhúsi/golfskála á Ekkjufelli er heimagraf-

reitur. Suður undan honum er tóftarbrot á upphækkun. Tóftarbrotið af hlöðunni er rétt um 17m vestur af þar sem heimtaugin kemur í eldri heimtaug að húsi en austurendi upphækkunarinnar undir henni er rétt um 10m vestan tengingarinnar.

Lýsing

Fast sunnan við heimagrafreit eru leifar hlöðutóftar á svokölluðum Hlöðuhóli. Um er að ræða tóftaveggi, syðri skammenda húss sem hefur snúið norður/suður. Ekki var hægt að greina hvað húsið hefur verið langt en það hefur verið um 7m á breidd. Tóftin liggur að hluta inn undir heimagrafreitinn en hún er á hólbungu sem bendir til að hún standi á eldri minjum. Þær hafa verið sléttaðar í tún en suðurendi hlöðunnar er enn greinanlegur.

Niðurstöður

Sex minjar voru skráðar í nágrenni væntanlegrar línuleiðar þrjár í landi Kross og þrjár í Ekkjufellslandi. Tvær minjanna, heytóftir í landi Kross, voru í nágrenni háspennulínunnar en aðrar minjar voru nærri heimtaugum í heimatúnum. Engar minjar fundust við heimtaug að Hreiðarsstöðum og engar minjar eru þekktar á því svæði sem grafið verður fyrir inntaki í íbúðarhúsið.

Tafla 1. Tafla sem sýnir minjar sem skráðar voru. Minjar sem merktar eru með gulu eru innan við 10m frá væntanlegri raflínu og teljast því í einhverri hættu vegna framkvæmda.

Númer	Bær	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun	Fjarlægð frá línu
1875-1	Kross	heimild	bæjarstæði	900-1950	horfið	hætta	710570	537558	9m
1875-2	Kross	tóft	heyttóft	1800-1950	vel greinaleg	engin hættu	710918	537313	13m
1875-3	Kross	tóft	heyttóft	1800-1950	vel greinanleg	engin hættu	710946	537325	11
1875-4	Ekkjufell	brunnur	vatnsból	1500-1900	illgreinanleg	hætta	712327	538347	6m
1875-5	Ekkjufell	þúst	óþekkt	óþekkt	illgreinanleg	hætta	712309	538361	8m
1875-6	Ekkjufell	tóft/þúst	hlaða/óþekkt	óþekkt-1950	greinileg	engin hættu	712293	538394	18/10m

Kross

Á Krossi verður línun plægð um 9m norðan við þar sem gamli bærinn [1875-1] stóð fram til 1950 þegar honum var rutt um með stórvirkum vinnuvélum. Engin ummerki eru lengur um gamla bæinn, steinsteypt útihús stendur á hluta gamla bæjarstæðisins og restin er í malarlögðu bílaplani. Reikna má með að einhverjar minjar geti verið að finna í jörðu í nágrenni gamla bæjarstæðisins en ólíklegt að þær séu heillegar vegna seinni tíma jarðraskis á svæðinu. Ekki er hægt að sjá að önnur leið sé betri fyrir tengingu að húsinu og ef línun er plægð þarna niður eru frekari skemmdir á minjum ólíklegar. Þar sem strengurinn verður tengdur inntaki við norðvesturhorn núverandi íbúðarhúss eru engar þekktar minjar.

Í móa sunnan Bolavatns eru tvær heytóftir [1875-2 og 3] sem eru rétt um 12m sunnan áætlaðrar línu. Þær eru ekki í hættu vegna framkvæmdanna verði engin breyting gerð á línunni.

Ekkjufell

Heimtaugin að Ekkjufelli mun liggja austast í sléttuðu túni/golfvelli vestan við heimreiðina að golfskálanum og tengist eldri heimtaug um miðja vegu milli golfskála og heimagrafreits. Þrjár minjar voru skráðar í námunda heimtaugar en þær hafa allar orðið fyrir hnjaski vegna seinni tíma framkvæmda. Heimildamaður benti á mögulegan brunn [1875-4], hringlaga dæld austast í túni. Þarna heitir Brunnsléttu þannig að heimild er fyrir brunni á svæðinu. Sé þetta brunnurinn er hann fullur af jarðvegi en hinsvegar gætu grjóthleðslur enn verið heilar neðanjarðar. Um 17m norðan meintan brunn var aflöng mishæð í túni [1875-5] sem gæti verið sléttuð tóft en engin veggjalögun var greinanleg og því erfitt að fullyrða þar um. Bæði meintur brunnur og tóft eru innan 10m frá heimtauginni en teljast ekki í mikilli hættu vegna framkvæmdanna að óbreyttri línuleið. Hlöðutóft og upphækkun [1875-6] undir henni sunnan undir heimagrafreit eru einnig utan 10m frá tengingu heimtaugar og því ekki í hættu.

Engar minjanna eru í mikilli hættu vegna jarðrasks í tengslum við framkvæmdirnar, svo framarlega sem að línan verði plægð niður og línuleið breytist ekki. Verði breytingar á áætlaðri línuleið þarf að endurskoða skráninguna. Minjastofnun Íslands fer með stjórnslu minjaverndar og tekur allar ákvarðanir um frekari skráningar og/eða mótvægisaðgerðir. Ef minjar finnast óvænt við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Minjastofnunar.

Heimildaskrá

Íslenskt fornbréfasafn IV (1857). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafjelag

J. Johnsen (1874). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I. bindi (1974). Ármann Halldórsson ritstjóri. Búnaðarsamband Austurlands.

Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir (1997). *Fornleifaskráning í Fellahreppi*. FS044-97031. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Ekkjufells. Skráð af Eiríki Eiríkssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Kross. Endurbætt af Eiríki Eiríssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Hreiðarsstaða. Skráð af Eiríki Eiríkssyni. Örnefnastofnun Íslands.